

Landsyfirrjettardómar 1885.

Mánudaginn 12. janúarmán.

Nr. 35/1884.

Rjettvísinn

gegn

Jóni Jónssyni.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp í aukarjetti Þingeyjarsýslu 2. maímán. 1884, var hinn ákærði Jón Jónsson dæmdur fyrir þjófnað og svíksamlega meðferð á annara eigum, í 5 daga fangelsi við vatn og brauð; svo skyldi hann og greiða iðgjöld til prófests Kjartans Einarssonar á Húsavík 2 kr. 53 a., og málskostnað allan, þar með taldar 3 kr. í varnarlaun til hins skipaða talsmanns hans, verzlunarmanns Hermanns Hjálmarssonar.

Þessum dómi er af hálfu hins opinbera skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu löglega sannað, að hann, sem var hjú Kjartans prófests Einarssonar á Húsavík, hafi frá húsbónda sínum tekið 2 lóðarfiska og selt þá fyrir 25 auru, er hann keypti sjer brennivín fyrir, og nokkru seinna frá sama manni skötubarð, er hann einnig fjenýtti sjer; þá er og á sama hátt sannað, að hann hefur selt nokkuð af saltbrenndum fiski, er húsbóndi hans átti, án þess að hafa leyfi húsbóndans

til að selja hann þeim manni, er hann seldi hann; þennan fisk bætti hinn ákærði húsbónda sínum að $\frac{2}{3}$. Enn fremur er sannað, að hinn ákærði hafi tekið hlýra frá Hólfríði Davíðsdóttur á Húsavíkurbakka, og 2 ísubönd frá Sigvalda Kristjánssyni á Víðaseli, en það er hvorttveggja, að hann borgaði þetta tvennt þegar í stað aptur, enda er ekki næg ástæða til að vefengja þann framburð ákærða, að hann hafi tekið hlýrann í ógáti, en ísuböndin traustataki. Loks er það komið fram í málinu, að hinn ákærði hafi átt að leggja 5 pund af ull inn við Húsavíkurverzlun fyrir Mad^{me} Sigríði Þorbergsdóttur á Húsavík, en að andvirðið hafi verið skrifað í hans eiginn reikning; en engin sönnun er fram komin fyrir því, að hann hafi ætlað að draga sjer þessa ull, þar sem hlutaðeigandi verzlunarþjónn hefur borið, að ákærði ekki hafi tekið fram, að skrifa skyldi hana í hans reikning; andvirði ullarinnar var seinna flutt í reikning Mad^m Sigríðar.

Þessi afbrot hins ákærða, sem kominn er langt yfir lögaldur sakamanna, og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neitt afbrot, ber að heimfæra undir 230. gr. hegningarlaganna, og virðist hegning sú, sem hann hefur til unnið, hæfilega metin eptir öllum atvikum 2 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Iðgjöld verða ekki dæmd í þessu máli, með því hlutaðeigandi ekki hefur krafizt þeirra. Um málskostnað á hjeradsdómurinn óraskaður að standa. Svo ber hinum ákærða og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Franz Siemsens, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Jón Jónsson, á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga. Um málskostnað á hjerðsdómurinn óraskaður að standa. Hinn ákærði greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Franz Siemens, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 48/1884

Rjettvísinn

gegn

Jens Peder Jörgensen.

Dómur:

Í máli þessu, sem dæmt er í aukarjetti Norður-Múlasýslu 18. ágúst f. á., og sem áfrýjað er bæði að ósk hins ákærða og af hálfu hins opinbera, er hinn ákærði Jens Peder Jörgensen, matreiðslumaður á skipinu „Telegraph“, eign Sigurðar verzlunarstjóra Jónssonar á Seyðisfirði, sakaður um að hafa tvívegis borað göt á nefnt skip. Í annað skiptið voru götin, að því komið er fram, stungin á skipið með glóandi jární (kúbeini), en í hitt skiptið boruð með nafri. Það, sem vakið hefur grun um, að hinn ákærði hafi